

7. gr.

Ýmis ákvæði.

Séu vörur, sem tollafgreiddar hafa verið með undanþágu samkvæmt reglugerð þessari, seldar eða boðnar til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd, varðar það refsingu samkvæmt IX. kafla laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tollefirlit.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tölulið 2. gr. tollskrárlaga nr. 6 5. mars 1974 og 42. tl. 3. gr. sömu laga, skal taka gildi þegar í stað og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð nr. 117 25. maí 1972 um sama efni svo og 62. gr. reglugerðar nr. 41/1957 um tollheimtu og tollefirlit.

Fjármálaráðuneytið, 1. ágúst 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Ólafsson.

AUGLÝSING

um aðalbrautir og hámarkshraða.

1. gr.

Eftirtaldir vegarkaflar teljast aðalbrautir:

- a. Vesturlandsvegur frá Mógilsá í Kollafirði um Kollafjarðarkleifar að enda bundins slitlags á veginum þar.
- b. Grindavíkurvegur frá Reykjanesbraut að mörkum Þjóðvegur í þéttbýli við Grindavík.
- c. Reykjanesbraut frá mörkum Þjóðvegur í þéttbýli við Keflavík að mörkum Þjóðvegur í þéttbýli við Sandgerði. Við vegamót Garðskagavegar og Reykjanesbrautar norðan Keflavíkur skal þó Garðskagavegur njóta aðalbrautarréttar gagnvart Reykjanesbraut.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. maí til 30. september gilda eftirfarandi reglur um hámarkshraða á vegarköflum samkvæmt a- og b-lið 1. gr., svo og á Reykjanesbraut frá vegamótum við Garðskagaveg að mörkum Þjóðvegur í þéttbýli við Sandgerði:

Hámarkshraði ökutækja, annarra en bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, skal vera 80 km. á klst.

Hámarkshraði bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, skal vera 60 km. á klst.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50. gr. og 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. ágúst 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. ágúst 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.